

# Rýmingaráætlun Öldutúnsskóla

Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun.

1. Umsjónarmaður skóla og/eða ritari fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og kanna hvaðan brunaboðið kemur. Ef ekki er slökkt á brunaboðanum innan tveggja mínútna eiga allir að yfirgefa bygginguna. Rýming er alltaf undirbúin um leið og heyrst í brunaboðanum.
2. Skólastjórnandi og/eða umsjónarmaður skóla hefur samband við slökkviliðið í síma **112**, tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Ef um falsboð er að ræða er slökkt á brunavælum sem gefur til kynna að hættuástand sé liðið hjá.
3. Kennarar/starfsmenn undirbúa rýmingu kennslustofu/rýmis síns og fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem eru að finna í möppu á skrifstofu. **Teikningar af útgönguleiðum eru á göngum skólans.** Nemendur yfirgefa ekki kennslustofuna fyrir en kennari/starfsmaður hefur kannað hvort útgönguleiðin er greið. Hver kennari/starfsmaður er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna/sinna þegar hættuástand skapast og þegar stofa/rými er yfirgefið þarf hann að muna eftir **nafnalistanum**. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem næstur er samkv. leiðbeiningum eða sem er greiðastur.
4. Nemendur ganga út í röð, kennarinn á undan og sá nemandi/starfsmaður sem síðastur fer út úr kennslustofum/ rýmum skal loka vel öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reykflæði um húsið. Kennari/starfsmaður fer fyrir nemendum út.
5. Ef ekki er hægt að yfirgefa stofuna eða viðkomandi rými á að hafa hurðir lokaðar og bíða við opna glugga eftir aðstoð.
6. Nemendur **fara ekki í skó** en grípa þá með sér og yfirhafnir ef kennari/umsjónarmaður telur tíma til.  
Æskilegt er að nemendur temji sér að vera í inniskóm.
7. Sérhver starfsmaður fer á fyrirfram ákveðinn stað í byggingunni þegar brunaboði fer í gang og aðstoðar við rýmingu skólans. Sjá hlutverk starfsmanna í rýmingaráætlun í upplýsingamöppu á skrifstofu skólans.
8. Þegar komið er út á söfnunarsvæðið er mjög mikilvægt að nemendur standi í einfaldri **stafrófsröð** og láti vita ef sá sem á undan er í röðinni vantar. Kennari fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út og lætur umsjónarmann vita með því að sýna grænt spjald. Ef nemandi vantar sýnir kennari rautt spjald.
9. **Áriðandi: Eftir rýmingu fer allt starfsfólk á söfnunarsvæðið til aðstoðar.**
10. Ef um falsboð er að ræða er mjög mikilvægt að kennari noti tækifærið og ræði við nemendur um mikilvægi brunavarna og fari vel yfir rýmingaráætlunina með nemendum sínum.
11. Flensborg er öryggissvæði skólans ef nauðsyn krefur.

**Söfnunarsvæði fyrir 1. – 4. bekki er á sparkvellingum ofan skólann. Sjá mynd.**

**Söfnunarsvæði fyrir 5. – 10 bekki er á fót- og körfuboltavellingum við Selið, fyrir ofan skólann.**

**Teppi eru geymd í húsnæði heilsdagsskólans við hlið vallanna.**